



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn um rekstrarleyfi fyrir leikskólann Regnbogann og brottfall eldra rekstrarleyfis

Með bréfi, dags. 23. júní 2021, var sótt um að rekstrarleyfi fyrir sjálfstætt starfandi leikskólann Regnbogann leikskóla, Bleikjukvísl 10, 110 Reykjavík færðist frá Dignitas ehf. kt. 701001-3540 til Gaudium ehf., kt. 600721-0970. Stofnandi, faglegur leiðtogi og skólastjóri Regnbogans hefur frá upphafi verið E. Lovísa Hallgrímsdóttir.

Í umsókn kemur fram að Sigríður D. Ámundadóttir muni verða leikskólastjóri og faglegur leiðtogi Regnbogans. Sigríður hafi starfsleyfi sem leikskólakennari og MSc. í Mannauðsstjórnun og vinnusálfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Munu hjónin Sigríður D. Ámundadóttir og Arnar Guðnason M.Sc. í tölvunarfræði, stofna einkahlutafélag um rekstur leikskólans. Með umsókninni er óskað eftir að Sigríði verði veitt starfsleyfi frá 1. september 2021 samkvæmt lögum og reglum þar um. Sigríður hyggist reka Regnbogann með sömu gildum og áherslum og verið hefur frá upphafi.

Samkvæmt nágildandi rekstrarleyfi hefur skólinn heimild fyrir 82 börnum.

Framangreind umsókn hefur verið yfirfarin af skóla- og frístundasviði, sem telur hana fullnægja reglum Reykjavíkurborgar til að reksturs leikskóla, sem samþykktar voru af leikskólaráði þann 26. nóvember 2008. Lagt er til að rekstrarleyfi verði samþykkt fyrir Gaudium ehf., kt. 600721-0970 með þeim hætti að það taki gildi 1. október 2021 og að jafnframt verði fallist á að rekstrarleyfi Dignitas ehf. kt. falli úr gildi frá sama tíma.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilýrði fyrir greiðslu framlags vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag.